


FÉLAGSBLAD NÝALSSINNA

Tímarit um stjörnusambandsmál



Útgefandi: Félag Nýalssinna
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:
Ingvar Agnarsson.

SÍRÍUS Í STÓRA-HUNDI

Bjartasta stjarna himinsins (önnur en reikistjarnan Venus) er sólstjarnan Sírius, sem er lágt á suðurhimni í byrjun árs. Hún er ein af nálægustu sólum, og er svo björt, að frá jörð okkar að sjá er hún um 300 sinnum bjartari en daufustu stjörnur, sem við getum greint með berum augum. Fjarlægð hennar frá jörðu er talin 8,7 ljósár, og er hún því ein af nágrannasólum okkar í geimnum. Í rauninni er Sírius tvístirni, þar sem tvær sólir snúast hver um aðra. Ljósmagn annarrar þeirra er 1,4 en hin 8,4. Umferðartími þeirra er 50 ár.

Aðrar stjörnur í stjörnumerkinu Stóra-Hundi eru flestar tvístirni og þrístirni og auk þess eru þar nokkrar stjörnuhvírfingar í meiri fjarska.

Gamalt íslenskt nafn á Síriusi er **Lokabrenna**.

Á miðilsfundum Nýalssinna hefur stundum komið fram, að byggð sé á reikistjörnu einni, sem gangi kringum Sírius. Kveðst sá heita Burdlik, er þar hefur komið í samband, og talaði hann fyrst á ókunnu máli. Hefur hann sagt ýmsan fróðleik frá hnetti þessum. Segir hann þetta vera frumlífsjörð og sé lífið nokkuð rangsnúið þar, t. d. styrjaldir og ósamstilling meðal einstaklinga og þjóða. Sambandið við líf á öðrum hnöttum segir hann að hafi verið uppgötvað fyrir allmörgum árum og því hafi hann nú von um, að breyta megi stefnunni á hnetti sínum.

I. A.

ERINDI

flutt á fundi Nýalssinna 5. des. 1973.

Það er augljóst, að ástandið hér á jörðu fer versnandi með hverju ári sem líður, með hverjum mánuði og jafnvel hverri viku. Atburðirnir knýja hver annan fram til æ meiri helstefnu. Hvenær sem einhver stórháskinn virðist vera genginn hjá, fara menn að vona, að nú fari heldur að skána, en þá er þess sjaldan langt að bíða að næsti voði sýni sig, ennþá geigvænlegri en áður.

Hversu margir af íbúum jarðarinnar, sem bjuggu við þolanleg eða viðunanleg kjör fyrir einu ári, horfa nú í hyldýpi botnlausrar örvæntingar í framhaldi af því, sem þegar hefur yfir þá gengið. Og hversu margir munu hafa orðið að þola slík örlög að ári liðnu? Spyrji hver sig, hvað framundan muni vera. Það er fyrsta skilyrðið til þess að horfið verði frá helstefnunni, að menn átti sig á, að á þeirri leið er verið, og að frá þeirri leið verður að hverfa.

Það er auðsætt, að það hugarfar magnast nú óðum, sem er á þá leið, að hið eina sem verulegu máli skiptir sé baráttan gegn andstæðingnum. En það er líka jafnvíst, að þessi skoðun margra jarðarbúa er röng, og að í einhverri framtíð munu allir þeir, sem nú hafa hana komast að þeirri niðurstöðu, að hún hafi verið fánýt.

Aðdragandi ragnarakanna er sá, að samstilling til andstillingar grípur um sig, sífellt meira hatur á sameiginlegum óvini, og fara þessar hatursheildir sístækkandi, unz komið er að því, að allt mannkyn hefur skipzt í tvær slíkar heildir. O nái þessum heildum að ljósta saman í úrslitabaráttu, ná skelfingarnar því hámarki, sem leiðir til heimsslita.

Þetta er ekki fjarlægur möguleiki, heldur einmitt það sem yfir hefur vofað þessar vikurnar, og kann að færast enn nær á næstu vikum. Menn segja oft að það velti á fáum valdamönnum, hvernig fer, og mun það satt vera, en þó er, samkvæmt skilningi Nýals, mikið komið undir hugarfarinu sem þróast í kringum þessa valdamenn. Aðalatriðið er það að allar þessar heildir, leiðtogar og leiddir, stefna sjálfum sér og öðrum til heljar án þess að hafa nokkra ljósa hugmynd um að svo er.

Hvernig er þá komið málum vorum þann dag í dag?

Það er óhætt að segja, að háskinn hefur færzt nær.

Enginn getur efast um, að þegar baráttan og átökin eru farin að snúast um það, hvort menn eru með eða móti Gyðingum eru þau komin á hættulegra stig en nokkru sinni fyrr. Lengi hafði mig grunað þetta, að þangað ætti miðdepill átakanna eftir að færast, og að það yrði merkið, að þá yrði komið að síðustu forvöðum.

Aðdragandinn er þá einmitt í samræmi við það, sem trúarbragðamenn af ýmsum tegundum hafa boðað. Líkt því sem Zarabústra spáði forðum, trúna nú margir á það, að í enda veraldar muni illar þjóðir og illir menn fylkja liðigegn hinum góðu og taldi Zarabústra að Ahúramazda og sannir synir ljóssins, sem sjálfsagt hafa verið Persar og aðrir Aríar, mundu sigra; hið góða sagði hann að sigrast mundi á hinu illa. En síðar tóku Gyðingar þessar hugmyndir upp til ávöxtunar og þýddu þær upp á sig, og trúna nú þeir og margir með þeim, að sótt mundi verða að borg þeirra Ísraela og, sem þó muni ekki unnin verða. Muni hjálp koma af himni og tortíma óvinunum á hinn grimmilegasta hátt, og muni þá þykja illt að heita maður, og einnig það kemur heim við orð Snorra Eddu "at engi hlutur er þá óttalaus á himni ok jörðu". En spádómar hinna trúuðu eru yfirleitt sóttir í Opínberunarbók Jóhannesar, þar sem segir að í þrjú og hálft ár muni menn engjast í kvölum eftir að endalokin eru hafin. Að trúin á þessa hluti séu sumum mönnum ekki orðin tóm, má meðal annars marka af ræðu, sem suðurnesjamaður nokkur flutti nýlega í útvarp og töluverða athygli vakti. En sú ræða einkenndist af þrennu, vísindahatri, ópum og köllum, og svo áköfum stuðningi við Ísraelsmenn, að vafasamt er að sjálfir jafnist þeir þar á við. - En það er nú reyndar svo, að jafnvel þeir sem enganvegin hafa viljað játast skilyrðislaust undir allan Ísraelskan vilja, geta engu að síður fengið samúð með þeim þegar á þá halla leiknum, og heffilegar athafnir sumra frænda þeirra fara að bitna á þeim og þeirra mönnum. Það getur svo farið, að margt hið versta sem bandamenn Ísraela hafa verið að fremja í Suðaustur Asíu og Suður-Ameríku, gleymist fljótt, þegar fréttir fara að berast af meðferð Sýrlendinga og slíkra á föngum sem þeir hafa náð á sitt vald. Þegar slíkar fréttir fara að berast, kann að verða farið að brýna fyrir mönnum meir en áður, að taka afstöðu. Og þá hugsar hver um sig: hvaða afstöðu á ég að taka?

Í stað þess að taka afstöðu, vil ég leggja til að við leitum yfirlits, og neytum þeirrar þekkingar sem Nýall hefur veitt okkur. Það er þá fyrst þetta, að líking atburðarásarinnar við það sem menn hafa haldið vera spádóma, sannar alls ekki spádómatrúna, eða það, að þannig eigi og hljóti að fara, heldur þvert á móti. Spádómarnir urðu til á þann hátt, að vitranamenn sáu í huga sér eða vitraðist það sem var að gerast á öðrum stjörnum, þar sem aðdragandinn hafði orðið slíkur að endalokunum varð ekki afstýrt. Ein slík endalok urðu um það leyti sem Vesúvíus gaus árið 79 og Jóhannes var að spá á eyjunni Patmos, og er Opinberunarbókin lýsing hans á þeim endalokum. Önnur endalok urðu, á enn annarri jörð, þegar hér var sú öld sem kölluð er hin tíunda, og fyrir áhrif þaðan varð Völuspá til. Það hefur verið sagt, að jafn fráleitt sé að segja að Völuspá sé stæld eftir Opinberunarbókinni og að eitt eldfjallið stæli annað. Höfundur Völuspár, hvort sem verið hefur karl eða kona, orti eftir því sem hann sá og heyrði, og samtímis var að gerast á öðrum hnetti, en hvorki hann né Jóhannes vissu hvers kyns var.

Í nánasta samræmi við þennan skilning á spádómunum er það, að framvinda helstefnunnar verður allsstaðar með nokkuð líkum hætti ef henni er haldið til enda. Það er líkingin með þessum úrslitaátökum við það sem áður var frá sagt í vitrunum, sem gerir það að verkum að margir halda að nú séu spádómar að koma fram. En frásagnirnar eru nú einmitt ekki spádómar öðruvísi en hér er sagt og þessvegna er þetta ekki fyrirfram ákveðið. Hinsvegar er hættan mikil, á því að sagan geti endurtekið sig hér, alla þá stund sem haldið er áfram á sömu braut.

Er nokkur undankomuleið? Það hefur mér alltaf fundizt að hlyti að vera. Hvorki á hnetti Opinberunarbókarinnar né á hnetti Völuspár, mun hin réttaþekking á sambandinu hafa verið komin fram (Í Ob. er þó talað um "vottana tvo", sem "spá" á undan endalokunum, og telur H.P. einhversstaðar að verið hafi um að ræða menn, sem stefndu eitthvað líkt og hann, og á líkan hátt skýrir hann sögnina um, að "engi mátti haldast dómur" - Baldurs, þ.e. að menn hirtu ekki um boðskap hans). En hér getur enginn vafi verið á því, að hinn rétta þekking er komin fram, og þar af leiðandi kostur á því að vita það, sem þarf, til þess að stefnunni verði breytt. Spurningin er aðeins um það, hvort menn vilja taka þann kost.

Þorsteinn Guðjónsson.

GREINAR

FURÐUHLUTIR OG FURÐUVERUR

I.

Við og við berast fréttir utan úr heimi af fljúgandi furðuhlutum og jafnvel af ýmsu öðru allfurðulegu.

Í Vísi 28. júlí, sl. er frétt, sem byrjar svo: "Fréttastofa í Brasilíu skýrir frá því, að átta "fljúgandi furðuhlutir" hafi truflað knattspyrnuleik í bæ þar í landi, sem 2000 manns horfðu á".

Síðar í fréttinni segir, að þetta hafi verið í bænum Campos, 200 km. norðan við Rio de Janeiro. Þessa sýn sáu allir viðstaddir og leikurinn stöðvaðist um sinn. Hlutirnir flugu mjög hátt og fylgdu eftir einskonar móðurskipi. Einnig sáu mjög margir undarlegt og skært ljós 400 km. fyrir norðan Rio de Janeiro.

Líklegt er að hlutir þessir hafi sést í björtu, þótt þess sé ekki beinlínis getið, en varla hefur knattspyrnuleikur farið fram nema í dagsbirtu.

Menn velta mikið fyrir sér, hvað fljúgandi diskar muni vera, og halda margir að þarna muni vera um að ræða farartæki, sem komið hafi alla leið til jarðar frá öðrum sólkerfum. Vitað er þó, að vegna fjarlægðar getur slíkt naumast átt sér stað, því slík ferð muni taka tugi eða hundruð ára, jafnvel frá nálægustu sólhverfum. Þó mun í sumum tilvikum vera um efnislega hluti að ræða, því oft hafa þeir sést í ratsjám. Hver mun þá helzta skýringin vera?

Við megum gera ráð fyrir, að sumstaðar hjá tækniþróuðum mannkynjum annara hnatta séu til farartæki svipuð að lögun þeim, sem stundum sjást sem furðuhlutir í lofthveli okkar hnattar.

Mundi ekki helzta skýringin vera sú, að hlutir þessir líkamist (endurefnist) við okkar jörð, þegar sérstök skilyrði eru fyrir hendi, og verði þá bæði sýnileg og mælanleg í radartækjum.

Ýms fullsönnuð og vel rannsökuð og vottfest dæmi eru til um það, að hlutir, jurtir og menn hafi komið fram á okkar jörð um stundarsakir, hlutir, sem ekki hafa verið af jarðneskum uppruna.

II.

Á sama tíma, sem þessi síðasta frétt kom fram um furðuhluti yfir Brasilíu, berast fregnir af leiðangri, sem gerður hefur verið út í Himalayafjöllum til að leita snjómannsins fræga, sem lengi hefur orðið vart við á

þeim slóðum, og þó sérstaklega nú um tíma. Segir fregnin, að ekki hafi leitarmönnum tekist að sjá eða finna snjómanninn, en þeir hafa fundið einkennileg spor í snjónum og hafa tekið af þeim ljósmyndir. Í fréttinni var þess getið, að úr sporum þessum hafi lagt óðaun nokkurn eða fnyk.

Fjallabúar á þessum slóðum hafa lengi vitað um veru þessa, og hafa orðið hennar varir við og við.

Hvað er helzt til ráða, að skýra tilveru þessarar einkennilegu veru? Mundi það vera fjarstæða, að gera ráð fyrir líkamningi frá öðrum hnetti, sem stundum gæti komið hér fram við viss skilyrði? Hér væri þá um hamfarir að ræða milli hnatta. Efnunin stæði aðeins skamma stund í hvert sinn og hann kæmi hér fram. Þessvegna verður hann svo dularfullur, og öll leit að honum árangurslaus. Hliðstæður slíks eru kunnar, bæði frá miðilsfundum, úr þjóðsögum og úr okkar íslenzku og norrænu sögum.

Óefað má telja að heimsóknir milli fjarlæggra hnatta séu mjög stundaðar á lengra komnum lífsstjörnum og munu þær ævinlega fara fram sem hamfarir. Þannig munu fjarlægðir himingeimsins, ekki verða lengra komnum íbúum annara hnatt nein hindran í að heimsækja hvor aðra.

III.

Enn ein frétt kom í blöðum þessa síðustu daga, og er hún um furðudýr nokkurt, sem á að hafa sést oft undanfarið í Missouri-fljóti í Ameríku. Hefur svo mikið borið á dýri þessu, að vísindamenn, hafa gert út leitarflokka, útbúna einhverskonar veiðitækjum, til að handsama dýrið. Ekki hefur það þó tekist, og ekki hafa þeir heldur orðið dýrsins varir.

Margar sögur hafa gengið víða um furðudýr ýms, og mun Loch-ness skrímslið vera þeirra frægast. Efast ég ekki um, að sagnir þessar muni vera sannar í meginatriðum. Mennt hafa séð þessi dýr, eins og hvern annan veruleika. En þó er þar sá munur á, að dýr þessi munu ekki vera af jarðneskum uppruna. Þau hverfa jafn skyndilega og þau birtast.

IV.

Nokkuð er það eftirtektarvert, að fréttir af furðu- hlutum ýmsum og furðudýrum berast oft eins og í bylgjum. Stundum verður margra slíkra fyrirbrigða vart á skömmum tíma víða um heim, en svo er eins og aftur dragi úr þessum fyrirbrigðum allstaðar um nokkurn tíma, unz alda fyrir- brigða rís aftur á ný.

Eðlilegasta skýringu slíkra fyrirbrigða tel ég þá, að hér sé um efnisleg fyrirbæri að ræða, framkomin vegna hamfara milli hnatta en einnig mun oft vera um að ræða fjarsýn til annarra hnatta.

Ingvar Agnarsson
5. ágúst 1972.

STJÖRNUSAMBANÐSSTÖÐ

Ég mundi verða fyrir háði ef ég reyndi að lýsa höllinni, eins og hún kom okkur fyrir sjónir.

Til að segja sannleikann eins og hann er verð ég þó að geta þess, að til skreytingar hennar eru notuð skrautleg efni. Ég mundi heldur ekki vilja þegja yfir því, að gull og glitrandi steinar eru þar í ríkum mæli.

Þetta lætur í eyrum eins og ævintýri úr Þúsund og einni nótt, og ef til vill gerum við miklar kröfur til ykkar, er við krefjumst þess, að þið trúid framburði okkar. Það var sú tíð, að við sjálf brostum að lýsingunni á gull- og perluhliðunum, og þó hafa þær frásagnir að nokkru leyti verið innblásnar frá hærri sviðum.

Guðþjónustan byrjaði með lágrí tónlist og á meðan sitjum við öll í hljóðláttri bæn. Síðan er sunginn sálmur og meðan söngurinn fyllir hinn mikla sal, gerizt það undur fyrir augum okkar að þakið yfir okkur klofnar. Og eins og opinberun frá guði stígur lýsandi vera niður til okkar.

Þýtt úr bókinni Död, hvor er din brodd, eftir Ludvig Dahl, bls. 161. Oslo 1933.

Grein þessi er tekin úr spíritiskri bók, en spíritistar gera ekki ráð fyrir efnislegum aðstæðum í "andaheiminum".

Samt kemst hér greinilega í gegn lýsing á mikilli höll, þar sem getið er um gull og glitrandi steina, sem notað er til skreytinga á húsi þessu, sem líklega er notað til sambands hnatta á milli.

Ekki er síður merkilegt að heyra sagt frá hinni lýsandi veru, sem birtist þarna skyndilega í hinni miklu höll. Þarna mun vera um að ræða heimsókn mjög lífmagnaðrar veru frá lengra komnu mannkyni á annarri stjörnu. Vegna samstillingar þeirra, sem í höllinni hafa komið saman, verður slíkri veru mögulegt, að fara hamförum hnatta á milli, og líkamast í þessari miklu höll.

Munu slíkar heimsóknir mjög stundaðar, á hnöttum, sem komnir eru í lífstefnuátt..

Ingvar Agnarsson,
1963.

FYRSTA KVIKNUN LÍFS Á FRUMLÍFSHNETTI.

Væri hægt að hugsa sér, að fyrsta kviknun lífs á einhverjum hnetti, væri í rauninni hamfarir slíks lífs frá öðrum hnetti? Að slíkt líf kæmi fram sem líkamningar, og tækju hluta hins líflausa efnis hnattarins og breyttu því í líf? Líkt og þegar frumlífsmaður líður fram til annars hnattar og byggist þar upp af efnunum þeim, sem þar eru fyrir og lifir þar framhaldslífi um skeið, uns aftur er flutt til enn annars hnattar?

Ef þessu væri þannig farið mundu fyrstu frumverur jarðar okkar hafa komið hingað hamförum og líkamast í hlýju hafi jarðarinnar, en hafi síðan tekið að skipta sér og þróast í fjölbreyttari fjölfrumunga. Og sú þróun hefði átt sér stað, fyrir stöðugt aðsenda orku frá öflugari lífstöðvum annarra hnatta, þar sem hinn guðlegi máttur hefði leitast við að þróa lífmyndirnar fram til æ meiri fullkomunar.

Ingvar Agnarsson,
20.10.1972.

FRAMLÍFSHNETTIR OG FRUMLÍFSHNETTIR

Í sambandi við drauma, vitranir og miðilssambönd fáum við ýmislegt að vita um aðra byggða hnetti. Margar bækur hafa verið skrifaðar með fróðleik um aðra hnetti, fróðleik, sem fenginn er fyrir milligöngu þeirra sambanda, sem hér eru nefnd. Þessar bækur eru þó yfirleitt ritaðar án alls skilnings á því, sem um ræðir.

Fróðleikur sá, sem finna má í ritum þessum er samt athyglisverður ef stuðst er við hinn nýalska skilning, sem Helgi Pjeturss kom fram með.

Eitt umhugsunarvert atriði er það, að lifað mun vera ýmist á framlífshnöttum eða frumlífshnöttum. Frumlífsmenn flytjast yfir á framlífshnetti. Þó er á sumum miðilssamböndum svo að skilja, sem sumir framlífshnettir séu jafnframt frumheimkynni dýra þeirra og jurta, sem þar lifa. Þá vaknar spurningin: Hvernig breytast frumlífshnettir í framlífshnetti? Ég gæti hugsað mér þá breytingu einhvað á þessa leið: Á frumlífshnetti hefur lífið vaxið fram frá einföldum lífsformum til fjölbreyttra. Það hefur þróast í lífstefnuátt að mestu. Það hefur samt

ekki náð að vaxa fram til manns. Mannkyn hefur ekki komið þar fram.

Á einhverju stigi lífsþróunarinnar á slíkum hnetti hafa skapast skilyrði til þess, að þar hafi getað komið fram og líkamast menn frá einhverjum frumlífshnetti eftir að hafa lokið dvöl sinni eða lífi á þeim hnetti, sem fyrst hefur fósturað þá.

Þá mætti einnig hugsa sér að til þessa áður mannlauða en þó lífi gædda hnattar, flytji menn af framlífs-hnetti. Með þessu móti mætti e. t. v. gera ráð fyrir að mannkyn taki sér bólfestu á hnetti, sem áður hefur aðeins verið byggður dýrum og jurtum en ekki mannlegum verum.

Um atriði sem þessi um byrjun framlífs á einhverjum hnetti, mun þó enn ekki hafa borist nein vitneskja fyrir vitrana- eða miðilssambönd.

En mjög ósennilegt þykir mér, að þróaðar framlífsverur taki sér bólfestu á hnetti, þar sem ekkert frumlíf er fyrir.

Ingvar Agnarsson,
22.10.1972.

DRAUMAR

DRAUMUR UM SUNDLAUG OG FLUGVÉL

Mig dreymdi árið 1941 að ég þóttist vera úti, á einhverjum skemmtistað, sem mér þótti helzt vera á Þingvöllum. Var það rangþýðing sem aðeins var í byrjun draumsins. Þarna sá ég einkennilega sundlaug, sem var öðruvísi að lögun en nokkur, sem ég hef séð eða heyrt um. Hún var tiltölulega þröng að ofan um vatnsyfirborðið en víkkaði mjög er neðar kom, þ. e. a. s. hliðar hennar slúttu mjög út yfir sig. Ég þóttist fara í laugina og hafði mest gaman af að stinga mér í vatnið niður af börmunum og láta mig renna langt niður í vatnið, og sem lengst inn undir hina mjög hallandi veggi laugarinnar. Fjöldi fólks var þarna í lauginn og voru allir mjög glaðir. Þótti mér vera einskonar keppni um það, að synda sem lengst inn undir barma laugarinnar.

Svo var það um ári síðar, að mig dreymdi, að ég sæti einhversstaðar úti undir berum himni og var að tala við kunninga minn, (sem mér fannst vera Sigurður Jónsson). Var ég að segja honum, að ég hefði fyrir nokkuð löngu síðan farið í sundlaug (á Þingvöllum) og lýsti ég fyrir

honum lögun hennar, að hún væri kringlótt og mjög djúp, og að veggir hennar hölluðust inn undir sig og væri mjög gaman, að synda inn undir þá, á kafi í vatninu. Var ég að biðja hann að fara með mér í þessa laug, og þótti mér hún ekki vera mjög langt frá þeim stað, sem við vorum á.

Í þessu verður mér litið upp í loftið, og sé þá, hvar flugvél kemur, mjög hátt í lofti og flýgur nærri beint uppi yfir okkur. Var hún mjög stór og fannhvít, en lögun hennar var allt öðruvísi, en ég hef séð í vöku eða séð myndir af, enda mun slík lögun flugvéla ekki vera til á okkar jörð. Bolur hennar var langur og grannur, en vængirnir stóðu ekki út frá holnum eins og venjulegt er á okkar flugvélum, heldur lágu þeir meðfram bolnum, sinn hvorum megin. Voru þeir allbreiðir og lengd þeirra var um tveir þriðju hlutar af lengd allrar flugvélarinnar. Ég þóttist vita ýmislegt um þessa flugvél, svo sem það, að ofan á henni væru ójöfnur einhverskonar, þótt ekki sæi ég þær, þaðan sem ég var staddur.

Mér þótti flugvélin öll vera afburða fögur og tignarleg, þar sem hún leið yfir himininn algjörlega hljóðlaust. Ég þóttist vita að margt fólk væri í henni á leið milli fjarlæggra staða.

Ekki vakti þessi sjón neina sérstaka undrun mína. Ég horfði aðeins á flugvélina eins og væri þetta venjulegt fyrirbæri. Er ég var að horfa á flugvélina tók ég eftir, að loftið var mjög bjart, hvítt eða gráleitt, en ekki sá ég neina sól.

Síðari draumurinn er merkilegur einkum fyrir tvennt: Í fyrsta lagi er ég að rifja upp í huga mér og segja kunningja mínum frá sérkennilegri sundlaug, er ég hefði synt í fyrir allöngu, og það einkennilega við þessa upprifjun er það, að henni ber alveg saman við drauminn, sem mig dreymdi ári áður. Mun það vera allóvenjulegt að tveim draumum beri þannig saman. Hinsvegar mun það ekki óalgengt, að við eigum í draumi endurminningar sem við eigum alls ekki í vöku. Mun þarna vera um sama draumgjafa að ræða, úr báðum draumunum.

Í öðru lagi er það flugvélin. Hún er ólík öllum flugvélum, sem til eru á okkar jörð. Hún hlýtur því að vera farkostur, sem tilheyrir öðru mannkyni á annarri jörð.

Ingvar Agnarsson,
dreymt 1941 og 5.9. 1942.

DRAUMUR UM BLÓMAVASA

Stundum dreymir mig að ég á ýmsar endurminningar, sem ég á alls ekki í vöku. Skal ég nú segja frá, einum slíkum draumi.

Ég þóttist vera staddur í einhverju húsi. Var ég beðinn, að fylgja ungri stúlku í annað hús og þótti mér þar eiga að halda brúðkaup hennar. Þegar við komum í það hús, var þar fyrir margt fólk, sem mér þótti hafa komið til brúðkaupsins. Ekki þekkti ég neitt af þessu fólk.

Einn mann þóttist ég þó kannst við. Vék hann sér strax að mér heldur hranalega og kvaðst ætla að loka mig inni niðri í kjallara, því ég hefði brotið fyrir sér dýrmætan skrautvasa, sem hefði kostað 14 þúsund krónur og hefði ég ekki enn greitt sér neitt fyrir hann. Rifjaðist þá upp fyrir mér, að fyrir löngu síðan hafði þetta gerst, sem maðurinn talaði um. En ég þóttist líka muna, að ekki hefði þetta verið mér einum að kenna, heldur hefði þessi maður verið orsök þess, með því að

hrinda mér á vasann. Þetta sagði ég nú manninum, og fór fram á, að við skiftum þessu tjóni á milli okkar og að ég skyldi greiða honum helming af verði vasans, en sagðist þó ekki hafa ráð á því nema á löngum tíma. Maðurinn vildi alls ekki fallast á þetta og var hinn þverasti. Svo vaknaði ég.

Það sem mér finnst athyglisvert við þennan draum, er bæði það, að í svefninum gerði ég enga tilraun til að þýða hann fyrir eitthvað, sem mér er kunnugt úr vöku, og svo hef ég endurminningu um liðinn atburð, - brotinn blómavasa - sem alls ekki hefur borið fyrir mig í vöku. Draumur þessi var mjög skýr. Og ég mundi í draumnum nákvæmlega, hvernig skrautvasinn hafði litið út. Hann var nokkuð hár, eða eins og upp á mitt læri. Og aðal- litur hans var grár, en skreyttur að öðru leyti með rósum og einhverju munstri. Vasa, líkan þessum, man ég ekki til, að ég hafi séð í vöku. Mér finnst, er ég hugsa um þennan vasa, sem ég hafði minningu um í draumnum, og það atvik er hann brotnaði, vera eins skýrt í huga mér, eins og ef ég rifja upp í huganum, eitthver atvik, sem raunverulega hefur gerst í vökulífi mínu.

Þessi draumur, eins og raunar flestir draumar, bera það með sér, að hér getur ekki verið um mína eigin endurminningu að ræða, og liggur því næst að ætla, að ég hafi í drauminum fengið samband við annan mann, (vakandi), sem hefur átt þessa endurminningu. Og þessi liðni atburður, sem gerst hafði í lífi hans, hafði nú aftur áhrif á þá stund, sem yfir stóð og kom fram sem

deilur við annan aðila, einmitt á þeim tíma, sem mig var að dreyma. Áhrif frá honum hafa svo borist inn í hina óvirku vitund mína. Er þetta í samræmi við þá kenningu Nýals, að áhrif frá vakandi manni berist til heila sofandi manns, og skiftir þá litlu eða engu þótt miklar fjarlægðir séu á milli þeirra.

En skilyrði þess að draumar okkar séu skýrir og að við munum þá vel, er það að samband okkar við draumgjafann sé sem fullkomnast, en það er aftur háð ýmsum aðstæðum.

Ingvar Agnarsson,
22. júní 1953.

DRAUMUR UM LÍKAMNINGA.

Mig dreymdi, að ég var einhversstaðar inni í herbergi ásamt konu minni. Ekki tók ég eftir öðru þarna inni en fleti einu eða dívani.

Á dívaninum lá lítill drengur, e. t. v. 3-4 ára, og virtist vera sofandi eða hálfsofandi. Hjá honum lá fullorðinn maður. Er ég athugaði þá nánar tók ég eftir að fullorðni maðurinn lá hálfpartinn ofan á dregnum, og þjarmaði að brjósti hans og virtist þetta valda dregnum öndunarerfiðleikum. Var þjáningasvipur á andliti drengsins.

Ég hafði raun af þessu athæfi fullorðna mannsins og er nokkur stund var liðin, gekk ég til þeirra og kippti snögglega í annan fót drengsins, í þeim tilgangi að losa hann undan fullorðna manningum. En þá brá svo við að drengurinn hvarf bókstaflega. Það var eins og hann leystist upp milli handa minna. Fullorðni maðurinn leit til mín illu augnaráði en svo hvarf hann einnig á sama hátt og drengurinn.

Þetta er allundarlegur draumur, og hefur mig ekki dreymt annan slíkan fyrr. Býst ég þó við að skýringu nokkra megi finna, í ljósi kenninga Nýals.

Ferðalög einskonar munu algeng vera milli hinna einstöku hnatta geimsins, og þá þannig, að menn koma fram sem líkamningar um stutta stund.

Á miðilsfundum eru algengar frásagnir af heimsókn-um milli hnatta, og þá einkum þannig, að menn koma fram í stjörnusambandsstöðvum, þar sem skilyrði eru öll hin ákjósanlegustu til móttöku góðra gesta.

Aftur á móti hef ég ekki heyrt getið um heimsóknir fólks milli hnatta til að hafast illt að, nema það sem segir í fornsögum og þjóðsögum um tröll og drauga. En

slíkar verur virðast stundum hafa komið hér fram og gert illt af sér.

Í draumnum, sem hér var sagt frá, munu tvær man-
verur frá heldur illum stað hafa komið fram á öðrum hnetti
og sama illa athæfið hafa haldið þar áfram um stundarsakir,
unz draumgjafi minn varð til þess að rjúfa þetta óæskilega
stjarnsamband.

Oskandi er, að drengurinn hafi losnað við þennan
kvalara sinn eftir þessa truflun, og að vinir hans hafi
getað verndað hann eftir það.

Ingvar Agnarsson,
dreymt 21. febrúar 1972.

DRAUMUR UM EINKENNILEGA KLETTA

Mig dreymdi, að ég væri staddur á hlaðinu í Stóru-
Ávík. Var þarna fleira fólk, og m.a. þótti mér Hermann
Jónasson vera þarna. Tókum við tal saman. Ég sagði
við hann á þessa leið: "Þér mundi þykja fróðlegt að sjá
Grástein, sem er hér skammt frá. Það er eini granít-
steinninn á landi okkar. Ég skal fylgja þér þangað".

Við lögðum svo af stað, og komum brátt að klettum
nokkrum allsérkennilegum. Ég vil geta þess, að er við
komum að klettum þessum hvarf öll rangþýðing úr
draumnum. Var ég nú ekki lengur í Ávíkurlandi og
maðurinn var ekki lengur Hermann Jónasson. Og er við
komum að klettunum, varð sjónskynjun mín fyrst skýr.
Beindist athygli mín öll að klettunum, og að því að
skýra út fyrir fylgdarmanni mínum, jarðfræðileg sér-
einkenni þessara kletta. Þetta var einskona kletta-
kambur, a.m.k. nokkur hundruð metrar á lengd en
ekki mjög hár, líklega víðast nokkrar mannhæðir. Og
þessi klettabrík var þunn, gekk upp í örþunnar eggjar
efst, en var e. t. v. nokkurra metra þykk neðst. Lengd
og þykkt þessara kletta athugaði ég að vísu ekki í
draumnum, en ég þóttist vera þessu öllu mjög kunnugur.
Þóttist ég oft áður hafa athugað vel þessa kletta, og
þóttist ég vita alla lögum þeirra, lengd og breidd og
alla innri gerð.

Fór ég nú að sýna samferðamanni mínum ýms
einkenni klettanna, og gengum við hægt meðfram þeim.
Stönsuðum við hér og þar og athuguðum það sérkenni-
legasta í berginu. Litbrigði bergsins voru mikil.
Var sumstaðar ljóst á lit, gulleitt, ljósbrúnt, ljós-
rauðleitt, en annarsstaðar voru allir litir d ekkri.

Fremur var bergið gróft áferðar, eða líkt og grásteinn eða blágrýti. Bergið var allt lagskipt, og stóðu lögin öll upp á rönd, langsum, eins og klettakamburinn snéri. Voru þau mjög skörðótt og tindótt efst. Félagi minn spurði margra spurninga og af talsverður áhuga, um það, er fyrir augu þar, við skoðun þessa bergs. Þóttist ég ekki vera í vandræðum með að svara. Ég þóttist segja honum, að þótt bergið virtist hafa svona margbreytilegt útlit, þá væri það þó allt í raun og veru blágrýti. Hefðu jarðlög umbylst þarna mjög fyrir örófi alda, væri kambur þessi leifar jarðlaga er hefðu sporðreistst. Umhverfis hefði landið fyllst upp af setlögum.

Ekki man ég meira af þessum útskýringum mínum í draumnum.

Ingvar Agnarsson,
dreymt 20. febrúar 1972.

DRAUMUR

(Tvövalt draumasamband)

Mig dreymdi að ég var einn í herbergi. En jafnframt því, sem ég vissi af mér í herberginu, þótti mér ég vera á gangi í fjallshlíð nokkurri. Þótti mér mikið fjall vera á milli þessara staða. Þótti mér húsið, sem ég vissi af mér í, vera nálægt fjallinu á eina hlið, en staðurinn, þar sem ég þóttist vera á gangi, þótti mér vera alveg hinum megin við þetta fjall. Ég þóttist vita ýmislegt um þetta fjall, lögun þess í stórum dráttum hæð og fleira.

Nokkuð væri þessi draumvitneskja torskilin, ef ekki nyti við leiðsagnar Helga Pjeturss eða sambandskenninga hans. En með þeim verður slíkur draumur auðskilinn:

Draumgjafi minn er staddur í einhverju herbergi, og skynjar það sem umhverfi sitt. En jafnframt er hann að nokkru í sambandsástandi, því hann skynjar samtímareynslu annars manns, sem er á gangi í fjallshlíð.

Svo náíð er þetta samband, að draumgjafa mínum finnst hann vera þessi maður. Og draumgjafi minn þykist alveg vita hvar þessi sambandsmaður hans er staddur, og hann leiðir hugann að því, sem hann veit um umhverfi þessa sambandsmanns síns, og raunar um allt sem hann veit í stórum dráttum um landsvæði það, sem liggur milli hans og sambandsmanns hans. Hann veit og minnst þess, að þetta er mikið fjall og hátt, og hann rifjar upp fyrir sér ýmis einkenni þessa fjalls. Draumsamband mitt er aðeins

við þann manninn, sem í herberginu er staddur, en þar sem svo stendur á, að hann er í sambandi við annan mann, eimitt þessa stundina berst þessi sambandsskynjan hans einnig til míns sofandi heila. Samband mitt verður þannig tvöfalt.

Slík draumreynsla sem þessi, kemur stundum fyrir, en mun vera heldur fátíð. Einnig þarf nokkra æfingu til að greina á milli hvort sambandið er einfalt eða tvöfalt. Draumur þarf einnig að vera fremur skýr, ef full vissa á að fást um það, hvers eðlis sambandið er.

Ingvar Agnarsson,
1.10.1972.

SVIFDRAUMUR

Mig dreymdi að við vorum tveir saman á ferð. Félagi minn gekk, en ég sveif við hlið hans, svo sem einn metra frá jörð. Allhvass vindur stóð beint í fangið og veittist mér erfitt að halda í við féлага minn, sem brátt varð spölkorn á undan mér. Ég hugsaði með sjálfum mér, að ef til vill ætti ég að ganga, því þá mundi ég hafa meira viðnám á móti vindinum. En ég hvarf frá því ráði. Og í stað þess að vera lóðréttur í loftinu, eins og ég hafði verið, breytti ég nú um og tók lárétta stöðu þannig, að ég sneri höfðinu í vindinn. Fann ég, að nú veitt ég storminum miklu minni mótstöðu. Enda náði ég brétt féлага mínum. án teljandi erfiðleika.

Ekki man ég hvað næst gerðist í draumnum. Einhver tími mun hafa liðið, án þess að ég muni eftir neinu sérstöku. E.t.v. hafa orðið draumgjafaskipti.

Það sem ég man næst er það, að ég svíf í loftinu skáhalt niður eftir mjög brattri fjallshlíð. Voru þar hamrabelti nokkur eigi há, og lágu þau lárétt í hlíðinni. Einu þeirra tók ég eftir sérstaklega. Var það nokkru hærra (þykkara) en önnur klettabelti, lárétt eins og hin, og til að sjá, lík að útliti og blágrýtis hamrabelti í íslenzkum fjöllum. Ég sveif mjög hratt niður eftir fjallshlíðinni, og fór þar um, sem ekki voru klettabelti. Sveif ég lágt frá jörðu, aðeins fáeina metra. Þar sem ég sveif nú meðfram þessum klungrum, fór ég að hugsa, að e.t.v. væri hættulegt að fara svona hratt. Fór ég þá að draga nokkuð úr hraðanum, og varð ég til þess að einbeita huganum allmjög. Endaði svo draumurinn.

Engar rangþýðingar eða vökuminningar komu fram í þessum draumi.

Ingvar Agnarsson,
19.10.1972.

DRAUMUR UM SVIF OG ATHUGUN Á ORSÖKUM ÞESS.

Mig dreymdi, að ég var í mjög stórum sal, sem mér þótti vera einskonar vinnuskáli, og stærðinni mætti helzt líkja við stórt flugskýli.

Mér þótti margir menn vera við vinnu hér og hvar um skálann, og var þó alllangt á milli þeirra flestra. Mér þótti mitt hlutverk vera það, að koma ýmsum boðum milli þessara manna í sambandi við störf þeirra. En til þess að komast á milli þeirra fór ég ekki gangandi, heldur sveif ég í loftinu. Spyrnti ég mér frá einum stað til annars og tók ýmsar sveigjur á leið minni fram hjá súlum og öðrum hindrunum. Gekk mér þetta mjög auðveldlega, og hafði ég gott vald á svifi mínu. En þegar hlé varð á, að ég þyrfti að bera boð á milli manna, lék ég mér í loftinu á ýmsan hátt. - Nú þótti mér ég hugsa, að fróðlegt væri að athuga, hvernig þessi kraftur, sem hélt mér uppi, verkaði á mig. Og ég stöðvaði mig í loftinu, svo sem þrjá til fjóra metra frá gólfi. Ég hallaði mér á hliðina, og lá þannig á hliðinni, rétt eins og þegar maður legst til hvíldar í rúmi sínu. Þannig lá ég um stund og reyndi að athuga eða finna sem bezt þann kraft, sem verkaði á mig, til að halda mér uppi. Ég þóttist m.a. ætla að taka eftir hvort mér fyndist eins og eitthvað ýta undir mig, en ég sannfærðist bráttum, að svo var ekki. Í þess stað fann ég greinilega, að ég var gagntekinn af einhverju afli eða krafti, sem erfitt er að lýsa. Mér fannst þessi orka verka á allan líkamann jafnt, bæði hið ytra og innra, líklega á hverja frumu og hverja taug. Þetta var einskonar magnandi hleðsla, sem ég var gagntekinn af, og þessu fylgdi mikil notaleikatilfinning.

Ég vakanði svo upp úr þessum hugleiðingum.

Svifdraumar eru mjög algengir hjá mér, en ekki hef ég fyrr reynt í draumi að gera neina athugun á þessum hæfileikum, að geta svifið. Í þessum draumi var ekki um neina endurminningu að ræða úr vökulífi mínu.

Ingvar Agnarsson,
22.11.1972.

SAMBANDSFUNDIR

Í stjörnusambandsstöðinni, Álfrólsvægi 121, Kópavogi, eru reglulega haldnir miðilsfundir, og eru miðlar venjulega einn eða tveir, en stundum þrír, samtímis.

Hér á eftir koma nokkur sýnishorn af því, sem talast á þessum fundum.

Miðilsfundur 5. nóvember 1973.

Ólafur Thors, komið sæl. Þá er ég kominn í sambandið hér í stjörnusambandsstöðinni. Allir Íslendingar þar eru sameinaðir um þjóðþrifamál eins og þetta og raunar fleiri þjóðir um mál þetta. Þetta er alheimsmál, Öll þjóðin þarf að sameinast um þetta mál, því það skiptir mannkynið höfuðmáli. Hef skilið þetta æ betur, síðan ég kom á annan hnött. Heldur er skömm, að verða að játa, að hafa ekki skilið þetta áður, eins og vel var gerð grein fyrir þessu máli í ritum Helga Pjeturss. Þið brosið að þessum orðum mínum, en ég hafði engan skilning á þessum málum.

Bjarni Benediktsson, komið sæl. Haldið ekki, að ég muni ekki eftir Íslandi. Ég segi nú að gamni mínu: Ég reyndi að stjórna, heldur þykir okkur það gaman stjórnmálamönnunum. En leitt er, að hafa alveg sniðgengið vísindin, íslenzku vísindin, þó að allan hug hafi ég nú á, að bæta úr, ef ég gæti nokkuð gert. Mun ég ekki liggja á liði mínu. Takið því vel á móti okkur, orku okkar. Þetta er langur vegur á milli okkar, þó að við getum haft samband milli hnatta okkar. Ég hef hugsað mikið til ykkar. Þið eruð móttækileg fyrir hugarorku mína. Helgi stjórnar sambandinu og er magnaður til þess frá mörgum lengra komnum hnöttum. En við höfum þó möguleika, að tala hér einnig. Nú er það ríkt í huga mínum, að þjóðin sé sameinuð um þessa ósegjanlega þýðingarmiklu útfærslu þekkingarinnar. Þjóðin er sundruð skaðsamlega, skiptist allavega í marga flokka. Þetta er skaði. Væri ég staddur á Íslandi vildi ég stofna sérstakan sambandsflokk, en ég er nú staddur á öðrum hnetti. Maður mun koma fram meðal ykkar, maður sem mikið mun styðja ykkur. Fáid þið að heyra af mér meira og kann vera, að ég geti þá sagt ykkur eitthvað af hnetti mínum og af högum mínum. Verið sæl.

Hannes Hafstein, komið sæl. Kallaður Hannes Hafstein, skáld. Nú er skáldið glatt og lifir á öðrum hnetti. Áður en ég segi frá mér, vil ég biðja ykkur að mun eftir mínum beztu kvæðum. En það eru skáldin, sem skilja hlutina framur öðrum og geta komið orðum að því, sem hrærist í hug þeirra og annara. Nú eru kvæði mín ekki í tízku, en mikið hef ég ort á öðrum hnetti. Ég hef átt kost á að kynnast Jónasi Hallgrímssyni og öðrum höfuðsnillingum. Leitt er, að þið skulið ekki hafa nóga orku til að skynja til mín og sjá umhverfi mitt. Nú er ákaflega skemmtilegt um að litast, þar sem ég er, undir hlíf, skógivaxinni. Margt fólk er með mér hér, glatt og skemmtilegt mjög Þykir mér ekki síst börnin skemmtileg.

Óðinn hér. Sambandið er stirt. Mannkyn ófullkomið hjá ykur, en þið eruð góður efniviður. Ef nokkur þúsund Íslendinga hefðu skilning á þessum málum mundi samstilling takast og magnan stóraukast. Þá þurfið þið að útbreiða þekkingu, þó ekki væri nema til nokkurra þúsunda manna. Að þessu er þó ekki hlaupið, þó ekki sé meir. Þið vitið hvað þarf til að auka fylgið og ég skal með mínum styrk reyna að greiða fyrir viðleitni ykkar á þann hátt, sem ég get komið mér við. Þó er þetta erfitt, meðan ekki er hugsað til okkar á skynsamlegan hátt. Þarf að leita sambanda við okkur á vísindalegum grundvelli, ef samband á að vera fullkomið. Gjörsamlega þýðingarlaust er trúarbragðahreyfing, ef skapa á rétt sambönd við lengra komin mannkyn og mun þá ekki verða um fullkomin sambönd að ræða við guðina. Þekkingin ein getur skapað hið nauðsynlega samband. Hugsanir skipta meginmáli, að þær séu réttar en ekki rangar. Þið vitið að Æsir eru á öðrum hnetti, lengra komnar verur. Það eru verur, eins og mennirnir, þótt fullkomnari séu mjög og miklu lengra komnar. Þær eru skyldar mönnum og vilja leggja þeim lið, á þann hátt, sem guðir geta lagt mönnum lið. Það eru sambandsmöguleikar, þannig að lífið verði fullkomnara og mögnun verði æ meiri. Ég vildi geta lýst betur því, sem ég vil koma fram, en næ ekki tökum.

Miðilsfundur 12. nóvember 1973.

Ónefndur maður, farinn fyrir allögnum.

Komið þið sæl. Undursamleg fegurð og birta, þegar ég vaknaði fyrst til meðvitundar á framlífshnetti mínum, sem ég ekki gerði mér þó grein fyrir í fyrstu, svo að ég þurfti að fá skýringar á því, hvert ég væri kominn. Og þegar ég sá hjá mér fólk, er ég undraðist mjög, hversu mikil birta stafaði af, spurði ég það, hvert ég væri kominn og svarið var það, að ég væri nú kominn á annan hnött og að þar væri mitt heimkynni, sem ég fengi að sjá bráðlega. En þó þyrfti ég að dvelja á sérstöku hvíldar- og hressingarhæli fyrir innflytjendur, sem þar fengju aðhlyningu og endurnýjaðan þrátt fyrir atbeina lækna og hjúkrunarliðs, sem þar starfar. Á þessu hressingarhæli dvaldist ég um skeið og í höndum þessara góðu lækna og starfsliðs þeirra hresstist ég á furðu skömmum tíma, svo ég gat fljótt stigið í fæturna, gengið um og kynnt mér nágrennið. Var eins og ég hefði yngst upp, þar sem ég hafði verið orðinn ellilegur og hrumur nokkuð. Þótti mér slík breyting ekki lítið ánægjuleg, og mér fór fram dag frá degi og ég fékk löngun til að starfa og taka þátt í þessu nýja lífi, með þessu yndislega fólk, Þarna í nágrenninu var stórkostleg bygging, sem stóð nokkuð hátt og þar virtust hafa verið vandað til, eins og bezt mátti verða, að útliti og fegurð og mátti vel skynja, að bygging þessi hafði undaleg áhrif og góð og ég hugsaði með mér, hvort slík bygging mundi vera ætluð til guðsdýrkunar eða slíks, en þó var þessi bygging ekki lík kirkju. Nú þegar ég kom inn í þessa glæsilegu byggingu, virtist mér, að þetta geta verið samkomuhús. Þetta var ætlað til nokkurskonar guðsdýrkunar, eða réttara sagt, til sambands við fullkomnari verur.

Stjörnusambandsstöð var þetta og ég átti eftir að verða viðstaddur heimsóknir gesta frá fjarlægum stjörnum.

Nú verður þetta að nægja að sinni, en mun reyna að bæta við einhverju síðar.

LESENDABRÉF

Bréf frá Póllandi.

Kafla úr bréfi Edwards Michalski skrifað 28.3. 1973.
(Ég Ingvar Agnarsson, hafði nokkru áður sent honum póstkort með litmynd af Íslandi).

Aldrei áður hef ég verið eins fullur af eldlegum áhuga, vegna þess, að í fyrsta sinni á ævi minni trúi ég nú á það, sem ég tek mér fyrir hendur. Það á ég að þakka heimspeki ykkar, sem nú er einnig mín heimspeki, að ég er orðinn breyttur maður. Ég er orðinn nýr maður og get nú litið heiminn á annan hátt en áður og séð hluti allt í kring um mig, sem ég ekki hafði tekið eftir fyrr.

Ég get ekki skýrt út fyrir þér þær tilfinningar, sem ég finn fyrir hið innra með sjálfum mér. Þegar ég hugsa um málefni okkar og um hreyfingu Nýalssinna. En ég veit, að ég þarf þess ekki. Ég er sannfærður um, að þú skilur mig, vegna þess að þú munt þekkja þess tilfinningu.

Sjáðu til. Ég er nú í sömu aðstöðu (sporum) eins og þú hefur verið fyrir mörgum árum, þegar þú tókst Framnýal í hönd þér í fyrsta sinn og þú fannst skyndilega tilfinningu fyrir lífinu. Ég get hugsað mér, að þú munir enn eftir þeim degi á sama hátt og ég geri. Maður getur ekki lifað án tilgangs, en það gerði ég. Ég hef verið tómur hið innra með mér, og þess vegna var ég óhamingjusamur. Hið eina, sem ég hef fengist við í mörg ár var að læra erlend tungumál. Ég fann, að til þess að geta notið hæfileika minna, yrði ég að hafa trú á einhverju. Ég varð að geta tileinkað mér heimspeki. Þið hafið veitt mér hlutdeild í slíkri heimspeki. Og ég er þakklátur.

Nokkru áður en ég fékk frá þér póstkortið með myndinni af Íslandi þá dreymdi mig, að ég sæi nákvæmlega þetta sama landakort í litum. E. t. v. var þetta þó ekki landakort. Ég held í rauninni, að fremur hafi þetta verið Ísland eins og séð úr mikilli hæð. Mér virtist eins og ég sæi yfir Ísland úr mikilli fjarlægð. Ég sá grænar sléttur, dökk fjöll og hvíta jökla. Og ég sá bláan sjóinn umhverfis landið. Nú þætti mér fróðlegt að fá álit þitt á því, hvort ég muni hafa haft samband við þig eða við íbúa annars hnattar. Ég verð að segja þér, að ég varð mjög undrandi að fá þetta kort

frá þér. Ég sagði Jerzy, vini mínum frá þessu og hann telur, að ég hafi fengið fjarsamband við einhvern, sem hafi getað séð til jarðar okkar ofan frá, eða þá, að þú hefðir, á þessari stundu, verið að hugsa um póstkortið, sem þú sendir mér. - Ég vil bæta því við, að mig dreymdi þetta dagtíma. Ég hafði verið þreyttur, og svaf í tvo eða þrjá tíma.

Ég hugleiði stundum, hvert mannleg vísindi mundu nú vera komin, ef lífgeislakenningar dr. Helga Pjeturss hefðu verið kunnar vísindamönnum. Ég hugleiði einnig hvernig muni standa á því, að uppgötvanir Helga Pjeturss hafa náð svo lítilli viðurkenningu. Það hljóta að vera ástæður fyrir þessu. Ég hygg, að hin fyrsta eðlilega hindrun muni vera hið íslenska tungumál. Getur þú gefið mér aðra skýringu? Við verðum að brjóta niður þessar hindranir, til þess að ná takmarki okkar, að kynna íslenska heimspeki um allan heim. Í þeim tilgangi verðum við að rita og gefa út góða bók, sem inniheldur uppgötvanir dr. Helga Pjeturss. Bókin verður að vera rituð á ensku, rússnesku, frönsku og spönsku. Þetta er hið fyrsta, sem við verðum að gera.

Edward Michalski,
Póllandi (þýtt úr ensku).

DRAUMUR UM UNDANKOMU TVEGGJA MANNA.

Mig dreymdi, að ég var staddur einhversstaðar, ég held helst úti við, og mér voru færðar fréttir, sem gerðu mig óumræðilega glaðan.

Og er nú bezt að ég segi nokkuð frá þeim hugsunum, sem bærðust í huga mínum, eða réttara sagt í huga draumgjafa míns.

Mér þótti ég vera fylgjandi flokki manna, sem barist hefði fyrir mál-efni nokkru, sem mér þótti svo mikilvægt, að ef það næði fram að ganga mundi það bjarga allri þjóðinni eða jafnvel öllu mannkyni frá miklum voða. Ekki kom þó í huga mér, hvaða málefni þetta væri.

Mér þótti þessi flokkur, sem ég fylgdi eindregið að málum, hafa náð nokkrum áhrifum og að málefnið hefði eignast nokkurn hóp áhangenda. En þá komu fram óvinir málefnisins, og réðust á áhangendur þess með mikilli grimmd. Höfðu þeir nú þegar drepið mikinn fjölda þeirra. Þótti mér ég hafa haft þungar áhyggjur út af þessu máli, og hvernig því mundi lykta.

En nú bárust mér þær fréttir, að tveir af aðalmönnum hreyfingarinnar hefðu komist lífs af. Við að heyra þessa frétt varð ég ósegjanlega glaður og ég þóttist hrópa upp: „Úr því að þessir tveir menn komust lífs af, þá er enn von til að málefni okkar sigri“. Enn var ég þó hræddur um afdrif mikils hluta fylgjenda málefnisins, því mér þótti, sem þeir mundu vera innikróaðir og umluktir óvinum sínum á alla vegu, á einhverjum sérstökum stað, þar sem átökin færu einkum fram. Samt var ég miklu vonbetri, en ég hafði áður verið.

Draumurinn varð svo ekki lengri.

Mér kemur í hug að e. t. v. hafi ég fengið draumsamband við einhvern mann á frumlífshnetti, þar sem lífssambandið hefði nýlega verið uppgötvað og sá skilningur náð einhverri útbreiðslu. Hefði uppgötvun þessi vakið fjandskap í garð þessara manna, sem staðið hefðu að útbreiðslu þessa nýja skilnings á tilverunni, og hefði svo verið ráðist á þá með offorsi miklu. Að vísu kom þetta ekki beint fram í draumnum en þó þótti mér málefnið ósegjanlega mikilvægt.

Og hvað gæti verið mikilvægara á hnetti, þar sem líkt mundi haga til, og hér á okkar jörð?

Ingvar Agnarsson, dreymt 30. 9. 1972.

Efnisyfirlit

Forsíðumynd — Sírius í Stóra-Hundi	bls. 10
Erindi, Þorsteinn Guðjónsson	— 11
Furðuhlutir og furðuverur, I. A.	— 14
Stjörnusambandsstöð, I. A.	— 16
Fyrsta kviknun lífs á frumlífshnetti, I. A.	— 17
Framlífshnettir og frumlífshnettir, I. A.	— 17

Draumar:

Draumur um sundlaug og flugvél, I. A.	— 18
Draumur um líkamninga, I. A.	— 21
Draumur um blómavasa, I. A.	— 20
Draumur um einkennilega kletta, I. A.	— 22
Draumur um undankomu tveggja manna, I. A.	— 31
Draumur (tvöfalt draumsamband), I. A.	— 23
Svifdraumur, I. A.	— 24
Draumur um svif og athugun á orsökum þess	— 25

Sambandsfundir:

Úr miðilsfundi 5. nóv. 1973	— 26
Úr miðilsfundi 12. nóv. 1973	— 28

Lesendabréf:

Úr bréfi frá Póllandi	— 29
-----------------------------	------